

✉ Re: Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - Nýi Skerjafjörður. Drög að tillögu

Búið til	22.6.2020 16:28:25
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	22.6.2020 16:28:24
Tilheyrir	📁 202006-0007 - Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - Nýi Skerjafjörður. Drög að tillögu

Efni

Re: Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - Nýi Skerjafjörður. Drög að tillögu

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	22.6.2020 16:28:24	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	haraldur.sigurdsson@reykjavik.is
Cc	skipulag@reykjavik.is

Innihald

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Reykjavíkurborg, dags. 4. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og varðar breytta landnotkun í Skerjafirði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreind drög að skipulagsbreytingu og tekur umsögn stofnunarinnar fyrst og fremst mið af hlutverki hennar hvað snertir náttúrufar og náttúruvernd. Það sem Náttúrufræðistofnun gerir fyrst og fremst athugasemd við er landfylling í Skerjafirði en aðrir hlutar tillögunnar eru fyrirhugaðir á þegar röskuðu svæði. Tillagan er sérstök að því leiti að eina svæðið innan hennar sem er svo til óraskað er fjaran, með auðugu fuglalífi allt árið um kring, en henni verður að stórum hluta eytt þó landfylling hafi verið minnkuð frá því sem áður var. Sjá einnig upplýsingar um tillögu um verndarsvæðið Álftanes – Skerjafjörður, sjá hér <https://www.ni.is/node/18023> (<https://www.ni.is/node/18023>) og hér <https://www.ni.is/node/16104> (<https://www.ni.is/node/16104>). Sífelld hefur verið að gengið á fjörur á höfuðborgarsvæðinu og hér er fyrirhugað að taka enn eitt svæðið undir byggð. Forsendur fyrir þéttingu byggðar, og þeirri hagkvæmni sem því getur fylgt, eiga ekki að byggjast á því að raska lífríkustu svæðum Reykjavíkur.

Náttúrufræðistofnun hefur áður gert athugasemdir við framangreindar fyrirætlanir í umsögnum stofnunarinnar við skipulagstillögur sem tengjast þessu svæði, sjá m.a. meðfylgjandi umögn í viðhengi.

Í umhverfismati í tillögunni kemur vissulega fram að tillagan er í alla staði talin neikvæði fyrir lífríki svæðisins og er hún því í raun í andstöðu bæði við lög um náttúruvernd og stefnu Reykjavíkurborgar. Það er því einkennilegt að forsendur fyrir skipulaginu eru þess eðlis að ekki er talið hægt að leysa það með öðrum hætti en að fara í landfyllingar.

Í texta með drögum að skipulaginu er að finna nokkur mótsagnakennd atriði. Á bls. 4 segir í texta með mynd: „þar sem gert er ráð fyrir mun minni fyllingu (um 4,3 ha) og aðlögun hennar að strandlengjunni, þar sem hin „náttúrulega“ strönd og leirur verða endurheimtar með tímanum. Gerð landfyllingar er forsenda þess að hægt verði að ráðast í síðari áfanga uppbyggingar á svæðinu.“ Í fyrsta lagi segir að strönd og leirur verði endurheimtar með tímanum. Þetta er ekki skýrt frekar en t.d. er erfitt að sjá að leirur myndist aftur á svæðinu.

Í öðru lagi eru hér gefnar „einhverjar“ forsendur sem gera það að verkum að landfyllingin er talin nauðsynleg. Þetta er svo sem ekki skýrt út frekar enda skiptir ekki öllu máli hverjar forsendurnar eru því þær hljóta að mótast af vilja þeirra sem taka ákvörðun um skipulagið en ekki t.d. af náttúruögmálum eða landinu sjálfu. Landfyllingin er því ekki nauðsynleg heldur afleiðing af gefnum forsendum.

Á bls. 6 segir: „Að skapa sjálfbæra íbúðarbyggð í Skerjafirði með grænu yfirbragði sem er vel tengd við nálæga atvinnukjarna og háskóla með öruggum og vistvænum samgönguinnviðum. Að styrkja núverandi byggð í Skerjafirði og skapa forsendur fyrir grunnskóla og öflugan hverfiskjarna í hverfinu. Byggðin verði þróuð í sem mestri sátt við núverandi útivist, umhverfi og náttúru.“ Með sjálfbærri þróun er venjulega átt við að það haldist í hendur „æskileg“ félagleg- og efnahagsleg þróun í sátt við náttúruverndar og umhverfismál. Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki hægt að taka út einn þáttinn þ.e. náttúru svæðisins og fórna henni fyrir aðra þætti og tala svo um sjálfbæra íbúðarbyggð eða skipulag. Náttúra Skerjafjarðar, ef svo má að orði komast, á ekki að gjalda fyrir að ástæða þykir til þess að skipuleggja byggð við fjörðinn eða á flugvallarsvæðinu.

Á bls. 7 segir: „Í megin atriðum felst breytingin á aðalskipulaginu í því að landfylling er minnkuð um rúma 2 ha og lagt til að hún verði formuð og aðlöguð eins og kostur er að hinni náttúrulegu strandlengju. Heimildir um fjölda íbúða eru hækkaðar úr 800 íbúðum í 1300, m.a. til að skapa tryggari grunn að sjálfstæðu skólahverfi.“ Að forma og laga landfyllingar að strandlengju kemur ekki í veg fyrir eyðileggingu á leirum og fjörugróðri þó svo að t.d. eitthvað af þangi geti endurheimts.

Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun telur að skipuleggja eigi viðkomandi svæði með þeim hætti að fjörum í Skerjafirði verði ekki raskað.

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



From: "Haraldur Sigurðsson" <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>
To: "kjos@kjos.is" <kjos@kjos.is>; "kopavogur@kopavogur.is" <kopavogur@kopavogur.is>; "skipulag@kopavogur.is" <skipulag@kopavogur.is>; "hafnarfjordur@hafnarfjordur.is" <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>; "mos@mos.is" <mos@mos.is>; "postur@seltjarnarnes.is" <postur@seltjarnarnes.is>; "gardabaer@gardabaer.is" <gardabaer@gardabaer.is>; "ssh@ssh.is" <ssh@ssh.is>; "olfus@olfus.is" <olfus@olfus.is>; "blaskogabyggd@blaskogabyggd.is" <blaskogabyggd@blaskogabyggd.is>; "hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is" <hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is>; "Vegagerðin" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "jon@ssh.is" <jon@ssh.is>; "ssh@ssh.is" <ssh@ssh.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Guðbrandur Benediktsson" <guðbrandur.benediktsson@reykjavik.is>; "Anna Lísa Guðmundsdóttir" <anna.lisa.gudmundsdottir@reykjavik.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>; "office@vedur.is" <office@vedur.is>; "SFS" <sfs@reykjavik.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Árný Sigurðardóttir" <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>; "Gréta Mar Jósepsdóttir" <Greta.Mar.Josepsdottir@reykjavik.is>; "Helgi Grímsson" <Helgi.Grimsson@reykjavik.is>; "hafogvatn@hafogvatn.is" <hafogvatn@hafogvatn.is>; "os@os.is"

<os@os.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Íbúaráð Vesturbær" <ibuarad.vesturbaer@reykjavik.is>;
"ibuasamtokvesturbaejar@gmail.com" <ibuasamtokvesturbaejar@gmail.com>;
"ingunn.loftsdottir@isavia.is" <ingunn.loftsdottir@isavia.is>; "prydifelagidskjoldur@gmail.com"
<prydifelagidskjoldur@gmail.com>; "shs@shs.is" <shs@shs.is>
CC: "Helena Stefánsdóttir" <Helena.Stefansdottir@reykjavik.is>; "Björn Axelsson"
<bjorn.axelsson@reykjavik.is>
Subject: Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - Nýi Skerjafjörður. Drög að tillögu
Date: 4.6.2020 09:54:34

Góðan daginn

Með vísan til 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru send til kynningar og umsagnar, **drög** að tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, varðandi breytta landnotkun og fjölgun íbúða í Skerjafirði. Drög að breytingartillögu er hér meðfylgjandi, ásamt umhverfisskýrslu sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða. Gögnin verða einnig gerð aðgengileg á aðalskipulag.is. Óskað er eftir athugasemdum, ef einhverjar eru, fyrir 24. júní nk.

Bestu kveðjur

Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur (Msc.)

Deildarstjóri aðalskipulags

Umhverfis- og skipulagssviði

Reykjavíkurborgar

Sent til:

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Kópavogsbær

Garðabær

Hafnarfjarðarkaupstaður

Seltjarnarneskaupstaður

Mosfellsbær

Kjósarhreppur

Önnur nágrennasveitarfélög

Umhverfisstofnun

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Minjastofnun Íslands

Vegagerðin

Samgöngustofa

Isavia

Náttúrufræðistofnun

Hafrannsóknarstofnun

Orkustofnun

Veðurstofan

Veitur

Borgarsögusafn

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Skóla-og frístundasvið/ráð

Skóla-og frístundasvið

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Íbúaráð Vesturbæjar

Íbúasamtök Vesturbæjar

Íbúasamtök Skerjafjarðar - Prýðisfélagið Skjöldur

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Viðhengi

image001.gif (2 KB)

Brú-yfir-Fossvog-Umsögn-Ní-dags-22.jan-2020.pdf (44 KB)